

# Laxanytjar og verndun

Einar Hannesson, fulltrúi

*Veidimenn vita að laxinn er langhlaupari. Íslenskur lax fer á ætissvæðin við Grænland og á hafsvæðið langt norður og austur frá landinu, í námunda við Noreg, á Færeyjasvæðið og víðar um norðurhól.*



Einar Hannesson.

Lax frá Noregi og Bretlandseyjum fer til Grænlands, eins og sá íslenski. Hið sama gildir um laxinn úr ánum í Norður-Ameríku, sem falla í Atlants-hafið.

## Mikilvæg ákvæði hafréttar

Hafréttarsáttmálinn var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1982 og kemur til fullra framkvæmda á þessu ári, 1994, þar sem nægjanlegur fjöldi þjóða hefur undirritað hann. Í 66. grein sáttmálans er m.a. tilgreint, að upprunarkí laxveiðistofna, þ.e. þar sem þeir hrygna, eiga mestra hagsmuna að gæta, hvað slíka stofna varðar, og beri á þeim höfudábyrgð og skuli þar með tryggja verndun þeirra.

Í Hafréttarsáttmálanum eru einnig ákvæði um að laxveiðar skuli einungis fara fram í efnahagslögsögu ríkja, nema þegar það myndu leiða til efnahagslegra áfalla annars ríkis en upprunarákisins. Í þeim tilvikum skuli upprunarákið hefja viðræður við hitt eða hin ríkin og ná samkomulagi, sem miði að því að fullt tillit sé tekið til verndunarsjónarmiða og hagsmuna

upprunarákisins að því er laxastofnana varðar.

## Jákvæðar aðgerðir

Á grundvelli fyrrgreindra ákvæða var stefnt í rétta átt, með stofnun Norður-Atlantshafs Laxverndunarstofnunar (NASCO), hér á landi árið 1982, og síðar ákvörðun um laxveiðikvóta Færeyinga og Grænlandinga. En fram að því höfðu fyrrgreindar þjóðir farið sínu fram við laxveiðar í hafinu. Að vísu hafði Efnahagsbandalaginu tekist að setja nokkra hömlur á línuveiðar Færeyinga þegar hér var komið sögu, en reketaveiðar Grænlandinga voru hins vegar óheftar.

Þannig virtust málin vera komin í endanlegt horf, með kvótunum, og til frambúðar. En þá gerðist það sem engan hafði óráð fyrir, að það tókst að ná samkomulagi um uppkaup á kvótum. Greiðsla kæmi fyrir, svipað og gerðist með netaupptökuna í Hvítá í Borgafirði, en nokkur slík tilvik eru


þekkt í útlöndum um netaupptöku á ósasvæðum laxveiðiáa, til að nýta laxinn til stangaveiði.

## Að vernda og styrkja stofna

Að öðru leyti en hvað greiðslur varðar, er þessu tvennu ekki saman að jafna. Vitað er að laxastofnar í ýmsum ám, bæði austan og vestan hafs, hafa rýrnað mjög á seinni árum. Má því ætla að upptaka neta og stöðvun línuveiða á laxi í hafinu muni byggja upp laxastofnana og styrkja aðra verulega í heimalöndum laxins.

## Að veiða úr blönduðum stofnum

En það eru fleiri atriði sem miklu máli skiptir í þessu sambandi. Fram að því að kvótarnir voru keyptir, voru Færeyingar og Grænlandingar að veiða lax úr blönduðum stofnum víðsvegar að, eins og fyrr greinir. Slíkt hefur verið talið ákaflega slæmt, þar



Laxparið sem Karl Bretaprins færði Orra Vigfússyni að gjöf sl. vor með áletrun um viðurkenningu. (Ljóm. E.H.).

sem þá hefur skort mikilvægan hlekk í veiðistjórnunina á viðkomandi laxastofni, og því undir hælinn lagt hvernig háttáð er veiðiálagi á einstaka stofna.

### Byltingarkenndur árangur

Með samningum, sem Norður-Atlantshafslaxasjóðurinn undir forustu Orra Vigfússonar hefur gert, bæði gagnvart Færeyingum og Grænlandingum, má segja að orðið hafi bylting í þessum efnum. Áhrifin geta orðið viðtæk á laxastofna allra laxveiðipjóða. Þannig skilar árangur m.a. af fiskræktarátaki í sérhverju veiðivatni sér til þeirra, sem fyrir því standa, en þannig á það einmitt að vera.

Verkefni og vinnulag og árangur Orra Vigfússonar hefur sett hann á bekk með þekktustu mönnum í útlöndum á sviði laxvermdunarmála í heiminum í dag, ekki sist eftir að Karl Bretaprins hélt honum veislu í vor og heiðraði hann sérstaklega af þessu tilefni. Sá sómi sem Orra hefur verið sýndur beinir kastljósinu einnig að Íslandi og verður okkur til hagsbóta á ýmsa vegu.

Það er vissulega fagnaðarefni fyrir íslenska veiðiréttareigendur og stangaveiðimenn að horfa til þessarar þróunar, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. Norðmenn bönnuðu á sínum tíma allar reketaveiðar í sjó á laxi hjá sér. Hinu er þó ekki að leyndu að enn er stunduð veruleg veiði á laxi í sjó í reket og önnur veiðitækni við strendur Bretlands og Írlands. Ýmsir hér á landi óttast, þrátt fyrir bann við laxveiði í sjó, að í okkar heimagarði, sé töluvert um „arfa“, sem þurfi að slíta upp. Ólöglegar sjávarveiðar á laxi við strönd landsins ættu að hverfa með öllu, annað sémir ekki forustuþjóð á sviði laxvermdunar.

### Þjóðhagslega hagstætt

Að síðustu má nefna, að verðmæti stangarveidds lax er auðvitað margfalt meira en fisks, sem veiðdur er í net eða á línu á fæðustöðvunum í hafinu og er ekki búinn að ná endanlegri þyngd. Stangaveiðin skilar beint miklum tekjum, og auk þess góðum tekjum í formi afnota veiðimanns af veiðihúsi, og ferðþjónustan nýtur auk þess tekna af ferða- og upphaldskostnaði hans til og frá veiðistað og á veiðistað og fleiru. Þjóðhagslega séð er þetta því hið besta mál.



Veiðihúsið Flóðvangur við Vatnsdalsá. (Ljóm. E.H.).



Einn nýjasti laxastiginn, fiskvegurinn í Búðafossi í Þjórsá. (Ljóm. E.H.).



Laxveiðar í sjó við strönd Skotlands.